
Skýrsla Orlofsnefndar Sjúkraliðafélags Íslands fyrir árið 2011

Orlofsnefnd SLFÍ:

Úlfheiður Ingvarsdóttir
Halldóra Lydía Þórðardóttir
Helga María Arnardóttir

Til vara:

Dagný Einarsdóttir

Samstarfsmaður orlofsnefndar

Gunnar Örn Gunnarsson framkvæmdastjóri SLFÍ

Stjórn orlofsnefndar endurnýjaðist töluvert á síðasta ári og Úlfheiður Kaðlín Ingvarsdóttir tók að sér formennsku í stjórninni. Stjórn Orlofssjóðs Sjúkraliðafélags Íslands hélt átta stjórnarfundi á síðasta starfsári.

Stjórnin fylgist vel með þörfum og væntingum félagsmanna varðandi orlofsmál til að geta brugðist við þeim kröfum sem uppi eru hverju sinni.

Áherslur síðustu ára hafa verið á endurnýjun og viðhald orlofseigna félagsins og eru allir bústaðir félagsins í mjög góðu ásigkomulagi.

Rekstur orlofssjóðs gekk vel á síðasta ári og hefur hann að mestu leyti gert upp skuld við Félagssjóð. Við gerð síðustu kjarasamninga náðist samkomulag við ríkið og Reykjavíkurborg um aukið framlag til orlofsmála og hafði það góð áhrif á rekstur sjóðsins.

Orlofsnefnd félagsins leggur áfram metnað sinn í að bjóða félagsmönnum upp á sem fjölbreytilegasta orlofskosti í sumarleyfinu

Til þess hefur hún leitast við að taka upp einhverja nýbreytni hverju sinni og haldið áfram með þá kosti sem hafa gefist vel árin á undan.

Helstu nýjungar sumarsins 2011 voru:

- Glæsileg íbúð í Kaupmannahöfn
- Tvær gönguferðir um hálendi Íslands
- Gönguferðir um Skotland

Stjórn Orlofsnefndar mun áfram leggja aðaláherslu á fjölbreytta afþreyingu og ferðir innanlands fyrir félagsmenn en bjóða jafnframt upp á aukna möguleika á gistingu erlendis með íbúðum á Spáni og í Danmörku, göngu- og hjólaferðir erlendis undir leiðsögn íslenskra fararstjóra.

Þrátt fyrir að upp hafi komið vandamál vegna umgengni félagsmanna eða þeirra leigunauta varðandi þrif og frágang orlofshúsa ákvað félagið að halda óbreyttri leigu frá síðasta orlofsári. Lögð er rík áhersla á að félagsmenn virði eigin sínar og skili þeim til viðtakanda hreinum og óskemmdum, þannig er mögulegt að losna við að ráða umsjónarmenn með orlofseignum félagsins. Ákvörðun sem hefði í för með sér verulega hækkun leigugjalda.

Leiguverð íbúðarinnar sem félagð hafði til leigu í Kaupmannhöfn átti að hækka um tugir prósentu og var því ákeðið að leigja aðra íbúð. Nýja íbúðin er á Amarger en var án húsgagna. Formaður orlofsnefndar og framkvæmdastjóri SLFÍ fóru til Kaupmannahafnar og keyptu allt inn í íbúðina og gerður hana klára til leigu og er hún komin í gagnið.

Yfir sumartímam er íbúðin leigð þ.v. eina nótt í senn og dregin er einn punktur frá fyrir hverja nótt. Helgar eru leigðar frá föstudegi til mánudags. Yfir vetrartíma verður íbúðin leigð hvort heldur yfir helgi eða frá degi til dags án punktafrádráttar.

Íbúðin á Spáni er leigð í eina eða tvær vikur í senn og eru dregnir frá orlofspunktur á orlofstímanum. Íbúðin er með öllum búnaði til heimilishalds og borðbúnað o.fl. fyrir 8 manns. Sængur eru fyrir 8 manns en rúmstæði fyrir 6 manns. Afnot af sundlaug fylgir íbúðinni.

Félagið bauð félagsmönnum upp á eftirtaldar gistingar sumarið 2011 innanlands: Í eigu félagsins eru:

- Fellsmúla 16, Reykjavík 86 fm. 3 herbergja íbúð fyrir 6/8 manns.
- Kiðjaberg 73 Grímsneshrepp. 81 m² bústaður í eigu félagsins fyrir 8 /10 manns. Bústaður með verönd og heitum potti
- Kiðjaberg 72 Grímsneshrepp. Bústaður 70 m² í eigu félagsins fyrir 8/10 manns, með verönd og heitum potti.
- Hamratún 26, Akureyri 99 m² fyrir 6/8 manns með nýbyggðum 40 fm. sólpalli.
- Sigurhæð, Úthlíð í Biskupstungum 67 m² fyrir 7/9 manns með heitum potti í verönd og gufubaði.
- Eiðar 54 fm. sumarhús fyrir 6/8 manns með báti til siglina á Eiðavatni og veiðileyfi í vatninu.
- Munaðarnes 54 fm. heilsárshús fyrir 7/9 manns með verönd og heitum potti. Mikið endurnýjað.

Auk þessa er félagið eigandi að sumarhúsalóð að Kiðjabergi í Grímsnesi.

Íbúðir og orlofshús í leigu:

- Fagrahlíð í Stykkishólmi 100 fm. einbýlishús, svefnpláss fyrir 4/6 manns, með heitum potti.
- Hruni Hellissandi 45/30 m² fyrir 6/10 manns .
- Seyðisfjörður 40 m² fyrir 4/6 manns.
- Bolungarvík lítið 50 m² fyrir 4/6
- Hólar í Hjaltadal 98 fm. íbúð í nemendagörðum fyrir 6 manns í rúmunum og barnarúm.

Tjaldvagnar:

- Tveir tjaldvagnar fyrir 4/6 manns, með hitara, borði og 4 stólum.

Hótelmiðar:

- Edduhótel. Boðið er upp á hótelmiða sem gilda sem greiðsla fyrir tvo í herbergi án baðsherbegis. Gististaðir eru á 13 stöðum víðsvegar um landið.

- Fosshótel. Boðið er upp á hótelmiða á 17 stöðum um allt land. Miðinn gildir sem greiðsla fyrir tvo í herbergi með baði.

Flugmiðar:

- Iceland Express
- Icelandair

Íbúðir erlendis:

- Kaupmannahöfn
- Spánn

Afþreying:

- Veiðikort
- Útilegukort
- Golfkort sem fylgja ákveðnum bústöðum

Leigugjöld

Leigugjöld félagsins fyrir sumarleiguna eru:

Stærð húsa	Vorleiga	Sumarleiga	Haustleiga
Minni húsin	17.000	20.000	17.000
Stærri húsin	19.000	23.000	19.000
Kaupmannahöfn íb.	70.000	70.000	70.000
Spánn íbúð	30.000	30.000	30.000

Hótelmiðar Edduhótel: Leigugjald 5.500. – kr. fyrir nóttina í tveggja manna herbergjum með handlaug. Gisting án morgunverðar.

Hótelmiðar Fosshótel Leigugjald 6.000. – kr. fyrir nótt í tveggja manna herbergi með baði ásamt morgunverði. Greiða þarf tvo miða sem viðbótargjald fyrir gistinguna mánuðina júlí – ágúst.

Greiða skal í gestamóttöku aukagjald í júní á Fosshótel Baron, Fosshótel Lind og Fosshótel Skaftafelli kr. 4000.

Tjaldvagnar: Leiga 12.000 fyrir 6 daga frá fimmtudegi til miðvikudags.

Hækkun á leigu til leigusala

Leigugjöld leigusala hækkðu um 1,5% í samræmi við hækkun á byggingarvísitölu 2010. Leiga til félagsmanna hækkaði lítið eitt, en leigan er breytileg eftir stærð og búnaði húsa og íbúða.

Fjárhagur Orlofssjóðs

Orlofssjóður félagsins hefur undanfarinn ár staðið í verulegum framkvæmdum og þurft að njóta aðstoðar félagssjóðs, sem talið var eðlilegra en að leita til banka eða lífeyrissjóða. Orlofssjóður hefur nú að mestu leyti greitt upp skuldina við Félagssjóð. Orlofssjóður félagsins er í góðu rekstrarlegu jafnvægi.

Framkvæmdir í Úthlíð og í Danmörku

- Í Úthlíð var töluvert endurnýjað, skipt var um eldhúsinnréttingu, gólfefni, stór ísskápur settur og uppþvottavél. Síðastliðið vor var dyttað að því sem orðið var lúíð og þreytt fyrir sumarútleigutíma. Rólur voru lagaðar, hús og pallur málað, flikkað var upp á vindskeiðar, rennur, handriði á verönd og borið var ofaní aðkeyrslu.
- Í Kaupmannahöfn var skipt um íbúð og keypt inn í hana heil búslóð. Þannig að í íbúðinni er allt eins og það getur best verið. Íslenskir umsjónarmenn eru og búa í sama stigagangi og íbúðin er.

Umsóknir og úthlutanir

Umsóknir og úthlutun orlofskosta til félagsmanna voru áfram unnin rafrænt með þar til gerðu forriti, Frímanni. Þeir sem ekki höfðu aðgang að tölvu gát sótt um skriflega. Rafræni kosturinn á að gera félagsmönnum mögulegt að sækja um og greiða leigugjöldin strax með millifærslu af Visa reikningi.

Félagið hefur verið með samning við tölvuþjónustufyrirtækið AP media sem sér um og hannar orlofssíðu félagsins og heldur einnig utan um orlofsúthlutunar tölvukerfi sem félagið er með í notkun. Reynslan af því samstarfi er mjög góð.

Forsenda úthlutunar er áunninn orlofsréttur/orlofspunktur félagsmanna sem helgast af greiðslum atvinnurekenda til sjóðsins. Fyrir hvert ár í starfi ávinnur félagismaður sér tólf stig eða punkta án tillits til starfshlutfalls. Fjöldi áunninna punkta ræður aðgangi eða úthlutun til orlofsdvalar, sá sem flesta punkta á gengur fyrir úthlutun. Á eftirsóknarverðustu tímum og m.t.t. staðsetningar þarf umsækjandi að eiga verulega innistæðu í punktum til að hann geti átt von í úthlutun í júlí.

Úthlutun fór fram rafrænt. Umsóknarfrestur var til 29. mars og úthlutun fór fram 31. mars en fram til 12. apríl höfðu þeir forgang til að sækja um það sem laust var sem sótt höfðu um en ekki fengið. Kl.9.00, 12. apríl opnaðist fyrir þá sem ekki höfðu sótt um, þeir gátu farið inn á orlofsvef félagsins og sótt um það sem var laust, fyrstur kom fékk..

Afgreiðsla umsókna orlofsdvala eða afsláttarmiða

2011

Umsóknir um sumarúthlutun	348 umsóknir
Úthlutað var	165 gistingum
Seld voru	83 Útilegukort
Seld voru	135 Veiðikort

Ódýr fargjöld með Iceland Express Mjög mikil eftirspurn var eftir farmiðum frá báðum flugfélögunum þetta árið.

Samantekt

f.h. Orlofssjóðs

Gunnar Örn Gunnarsson

